## 4. Fuglavinafélagið Fönix fjögurra ára.

1. Útvarpsefni í tilefni af afmælinu 27. febrúar 1938.
2. Ávarpsorð Jóns Pálssonar.

# Viðfangs-efni 27. febrúar 1938.

1. Nokkur inngangs-orð (Jón Pálsson)
2. Söngur: „Nú fylkjum liði, frökkir drengir" ( allir )
3. Smásaga: „Jón fjósamaður". ( Benedikt Antonsson )
4. Einsöngur: ( Óskar Guðmundsson )
   a. „Í snörunni fuglinn sat fastur"
   b. Úti blæs golan
   c. Músin
5. Leikrit: „Páll og Pétur" (Páll Tryggvason og Ben. Antonsson)
6. Einsöngur: ( Óskar Guðmundsson )
   a. Hæ, hæ, hæ!
   b. Skipið sekkur
   c. Fuglinn flýgur.
7. Söngur: „Nú grænkar grund og bali" ( Allir )
8. Niðurlags-orð og kveðjur (Jón Pálsson)

## Viðfangs-efni 27. febrúar 1938.

1. Nokkur inngangs-orð (Jón Pálsson
2. Söngur: „Nú fylkjum liði, freknir drengir" 3 ( allir )
3. Smásaga: „Jón fjósamaður" ( Ben. Antonsson )
4. Einsöngur: ( Óskar Guðmundsson )
   a. „Í skóginum fuglinn sat fastur" 4
   b. Úti blés golan 2
   c. Músin
5. Leikrit: „Páll og Pétur" ( Páll Tryggvas. og Ben. Antonsson )
6. Einsöngur: ( Óskar Guðmundsson )
   a. Hæ, hæ, hæ! 6
   b. Skipið siglir 1
   c. Fuglinn fleygi.
7. Söngur: „Nú grænkar grund og bali." ( Allir )
8. Niðurlags-orð og kveðjur. (Jón Pálsson)

1. Nokkur inngangs-orð (J. P.) 5 mín

2. Söngur: Nú fylkjum liði (allir)

3. —„— : Nú grænkar grund (—„—) 4 „

6. Leikrit: (Palli og Pési) 12½ „

5. Einsöngur: (Óskar Guðmundss.)

a. Í snörunni fuglinn sat fastur

b. Úti blæs golan. 6½ „

c. Músin

4. Smásaga (Ben. Antonsson) 4 „

7. Einsöngur: (Óskar Guðmundsson

a. Ha, ha, ha!

b. Skipið sekkur 7 „

c. Fuglinn fleygi

8. Kveðjur ½ „

samtals 40 mín.

# Útvarps-erindi, 27. februar 1938.

Uppkast. Efni: Tímalengd:

1. Nokkur inngangs-orð (J. J.) 5 mín.
2. Söngur (allir) Nú fyllkjum lidi ) 4½ –"–
~~3~~: –"– –"– Nú gránkar grund)
1) ~~5~~. Leikrit („Palli og Pési" ) 12½ –"–
~~4~~. Einsöngur: (Óskar Gudmundsson )
a. Í snörunni fuglinn sat fastur
b. Úti blæs golan } 6½ –"–
c. Músin
1) ~~3~~ Smásaga (Ben. Ant. ) 4 –"–
6. Einsöngur (Óskar Gudmundsson )
a. Ha, ha, ha!
b. Skipid siglir } 7 –"–
c. Fuglinn fleygi

alls 39½ mínútur

8. Kveðjur ½ –"–

40 –

# I.



Kæru fuglavinir, heiðruðu gestir!

Síðastliðinn sunnudag, 27. febrúar, minntust Fuglavinir 4 ára afmælis félags síns, með því að láta til sín heyra í barnatíma útvarpsins. Viðfangsefnin þá, voru í líkum lund sem þau eru nú, aðeins lítið eitt breytt og að því leyti aukin, að nú, ætlar góðvinur þeirra, herra Sigurður Tómasson úrsmíðameistari að sýna fáeinar kvikmyndir, eins og hann hefir jafnan áður gert, þegar afmælis-félagsins hefir verið minnst, og þökkum vér honum og öðrum þeim, er veitt hafa oss og veita aðstoð sína, fyrirfram vinsemd þeirra og aðstoð.

Fuglavinadrengir hafa sjálfir prentað aðgöngumiða og boðsbréf, því vér höfum hér meðal þeirra iðnaðarmenn í öllum greinum, meira að segja eigin prentara, er heita á fuglamáli Halli og Hrói. Hvað boðsbréfin áhrærir, er þess að geta, að gestunum er boðið uppá að hlýða hér á það sem fugla-vinir hafa sér og öðrum til skemtunar þessa stuttu stund án sérstaks inngangs-eyris, sem vitanlega þyrfti að greiða skemtanaskatt af ella, en boðsbréfið tekur ekkert fram um það hver eigi að sjá gestunum fyrir góð-gerðum, enda er til þess ætlazt, að <u>hver sjái um sig</u> í þeim efnum.

Þá hafa fuglavinadrengir sjálfir samið og prenta látið — þ.e.a.s. prentað sjálfir — efnisskrá um það, sem þeir ætla að hafa sem viðfangs-efni hér í kvöld; heitir það á erlendu máli „Program", en þess ber að geta fyrir-fram, að það getur breyzt bæði að efni og niðurröðun, og ennþá hin „æðri völd" í félaginu, sem hér hafa tekið fram fyrir hendur þeirra, — telja sig vitrari og reyndari í þeim sökum.

Með þessum formála og „fyrirvara" býð ég yður öll velkomin og óska að allir viðstaddir sjái og skilji, að hér getur ekki verið um neina <u>list</u> að ræða, þar sem aðeins börn og þau lítt æfð mjög, eru að verki. Ég vona, að

yður, hinum eldri, þyki meira um það vert, <u>að sjá börnin</u> og e.t.v. kynnast þeim, en hitt, þótt viðfangsefni þeirra séu eigi margbrotin né heldur af hendi leyst svo, að eigi verði að fundið.

Að svo sögðu vil ég nú biðja fuglavinadrengi að vera stillta og rólega — því annars geta þeir ekki verið hér — og skemmtið yður svo öll eftir því sem unt er og eins og góðum börnum sæmir.

Síðar í kvöld, þegar tóm stund verður til, mun ég segja fáein orð við yður og þá helzt, áður en við hverfum héðan.

## II.

Nú er þessari skemtun lokid. Eg vona ad allir hafi skemt sér vel.
Eg get hugsad mér, ad hinir fullordnu, sem hér eru, kunni ad spyrja:
Er þessi félagsskapur naudsynlegur eda til nokkurs gagns?
Þeir sem þekkja eitthvad til hér í bænum, hverskonar adbúd og uppeldi fjöldi barna og unglinga eiga vid ad búa, býst ég vid ad verdi ad játa þad med mér, ad hann er naudsynlegur og ætti ad vera miklu almennari og útbreiddari medal barna, engu sídur stúlkna en pilta, því öll hafa þau gott af því ad hafa eitthvert umhugsunarefni og eitthvad fyrir stafni. Adgjördaleysid og eftirlitsleysid er mjög skadlegt fyrir þau; Saklausar skemtanir eru þeim hollar, söngur og sagnalestur, sem öll börn sólgin í ad heyra og taka þátt í, en þad er svo ótal margt sem beinlínis hindrar þau frá því ad fá þessa notid; því eru þeim naudsynlegar allar bendingar, rád og reglur reyndari manna, er vilja reyna ad sýna þeim, hverju þeim ber ad sækjast eftir og hvad þau eigi ad varast, m.ö.o: Hvernig þau eigi ad leitast vid ad lifa lífinu sér og ödrum til gagns og gledi, lifa því eins og <u>menn</u>.
Mér virdist, ad félagsdrengir hafi sjálfir sýnt þad, ad þeir kunna vel vid sig í þessum litla félagi; áhugi þeirra fyrir því, ad engum fundur falli nidur og fundasókn þeirra sýnir þetta. Hvad fram fer á fundunum vita fæstir adrir en þeir. Eg hefi einn fullordinna manna haft saman vid þá ad sælda og ég þykist vita, ad þeir, sem þekkja mig, væni mig ekki um þad, ad ég hafi neitt þad fyrir þeim, sem ljótt er eda þeim skadlegt
Eg sakna þess adeins, ad ég hefi sjaldan ordid þess áskynja, hvort foreldrum þeirra líkar þessi félagsskapur barna þeirra vel eda illa. Veit ég þó eigi til þess ad neitt þeirra hafi stíad þeim frá honum eda ad sækja fundi í honum

draga frá því að vera í félaginu eða selja fundi þess. Hitt er mér kunnugt um, að einstakir menn líta hornauga til þessa félagsskapar og starfsemi hans undir niðri mjög, en það hygg að ekki sé af ótta fyrir því að ég geri þessum börnum neitt illt, heldur af öfund, byggða á misskilningi.

Nú læt ég mér þetta vitanlega í léttu rúmi liggja, en miklu síður hitt, hversu hinir eldri og jafnvel foreldrar allir eigi undanskildir, láta það sig litlu skipta, hverskonar líf börn þeirra lifi einmitt á þessu hættulegasta skeiði bernsku þeirra og ungdóms-ára, þegar jafnvel hin minstu áhrif geta orðið allþýðingarmikil fyrir þau síðar í lífinu, annaðhvort til ills eða góðs, sem vitanlega fer eftir því, hvort það er illt eða gott sem fyrir þeim er haft.

Fuglavinafélagið hefir, eins og áður er tekið fram og margir vita, tvívegis látið til sín heyra í útvarpinu, en ég hefi þá lýst því yfir, að nöfn barnanna yrðu ekki nefnd, þ. e. þeirra, sem bezt verkin hafa leyst af hendi. Ég hefi verið spurður um það, hverju þetta sætti og hefi ég þá sagt og segi enn: Ég álít að það sé börnunum alls ekki til neins góðs, að þetta sé gert, sökum þess, að börnum beri ávalt að sýna hóglæti, vinna störf sín í kyrþey án þess að miklast af. Í öðru lagi þetta: Hvaða þýðingu hefði það fyrir mig t. d. eða hvern annan, sem staddur væri norður á Melrakkasléttu eða vestur í Hornvík að heyra þessa kynningu: „Nú les Jón Jónsson, Jónssonar járnsmiðs upp sögu!“ Hverju væri ég nær? Og hvaða þýðingu hefði það fyrir þennan Jón litla Jónsson, Jónssonar að heyra nafn sitt nefnt í útvarpinu? Jú, það hefði þá þýðingu, hann hugsaði sem svo: „Nú vita allir, að ég, Jón Jónsson Jónssonar las upp fallega sögu. Nú þekkja mig allir landsmenn; ég er orðinn

lands-kunnur maður, þótt ekki sé ég nú eldri en ellefu ára; <u>þessu</u> geta þeir ekki hrósað sér af hann Siggi og hann Gvendur félagar mínir og jafnaldrar". Þannig mundi þetta litla, alveg óþarfa atvik, verða til þess að ala upp metnaðargirnd og mont í þeim litla Jónssyni Jónssonar járnsmiðs. Það væri því hlægilegt fyrir mig að vera að kynna hann og jafnvel skaðlegt fyrir hann. – Nei, ég vil ekki láta þessa drengi ganga í neinum, hvorki opinberum einkennisbúningi né dularklæðum, til þess að sýna, að þeir séu meiri en önnur börn og börn eru þeir. Hitt er annað mál, að „<u>verkið</u> lofar meistarann" og það ber að þakka sem vel er gert, en besta hrósunarefnið verður það fyrir hvern og einn, að <u>vita með sjálfum</u> sér að hann hafi vel gert en eigi illa. Ómaklegt álas eða aðfinning er jafnskaðleg sem skjall eða skrum.

Í fáum orðum sagt: Ég álít að verkefni þessara fuglavina sé þeim nægilegt viðfangs- og hrósunar-efni, að vera góðir drengir, vinveittir öllum dýrum, þ. á m. fuglunum, en aðal-atriðið sé þó það, að leiða þá á vegu guðs og góðra manna, með skynsamlegum leiðbeiningum og fræðslu um það, með hverjum hætti þeir geti orðið sjálfum sér til gagns og öðrum til gleði, þá er þeir öðlast aldur til.

Nú segi ég ekki, að mér hafi tekist þetta, en <u>viðleitni</u> hefir verið og verður sýnd til þess og svo kveð ég yður öll, með kæru þakklæti fyrir komuna, þolinmæði yðar og umburðarlyndi, óskandi þess, að þér skiljið tilgang vorn og það, að hér eru góð og saklaus börn að reyna að verða <u>betri menn</u>. <u>Það</u> er tilgangurinn, en ekki neitt leikfang.

Lifið öll heil og sæl! Farið í friði!